

September 1999

SAMANTEKT
UM
HINDRANIR VIÐ NÝSKÖPUNARSTARF FYRIRTÆKJA



VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS OG
NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	2
2.	ÝMSAR SPURNINGAR VEGNA NÝSKÖPUNARSTARFS.....	3
3.	HELSTU HINDRANIR	3
3.1.	Almenn atriði.....	3
3.2.	Menntamál.....	4
3.3.	Stuðningsstofnanir	4
3.4.	Fjármagnsmarkaður.....	5
3.5.	Fagmennska í rekstri	5
3.6.	Þjónusta opinberra stofnana	5
3.7.	Eftirlitsiðnaður	5
3.8.	Einkaleyfi	6
3.9.	Skattamál.....	6
4.	ÁLYKTANIR UM VIÐBRÖGÐ	6
4.1.	Almenn atriði.....	6
4.2.	Menntamál.....	7
4.3.	Stuðningsstofnanir	7
4.4.	Fjármagnsmarkaður.....	8
4.5.	Fagmennska í rekstri	8
4.6.	Þjónusta opinberra aðila.....	8
4.7.	Eftirlitsiðnaður	9
4.8.	Einkaleyfi	9
4.9.	Skattamál.....	9

1 INNGANGUR

Verslunarráð Íslands og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins kynna í þessari samantekt niðurstöður af sérstakri úttekt á hindrunum við nýsköpunarstarf fyrirtækja. Verkefni þetta hófst á árinu 1998 og lýkur með þessari samantekt um málið. Úttektin fólst fyrst og fremst í því að kanna hvernig margir þeir sem koma að nýsköpunarstarfi skynja umhverfi sitt að þessu leyti.

Nýsköpun í atvinnulífinu er nauðsynleg forsenda framfara og hagvaxtar. Þess vegna er mikilvægt að starfsumhverfi atvinnulífsins sé hvetjandi fyrir nýsköpun þannig að hlúð sé að þessu starfi.

Hlutverk hins opinbera í nýsköpun er fyrst og fremst að mynda hagstæða starfsumgjörð fyrir íslensk fyrirtæki. Þetta er best gert með því að viðhalda jafnvægi í efnahagslífi landsmanna og sjá til þess að fyrirtæki starfi í jákvæðu reglugerðarumhverfi. Þetta kallar á vönduð vinnubrögð Alþingis og ráðuneyta við setningu laga og reglugerða.

Nýsköpun í atvinnulífinu getur birst í margs konar myndum sem ýmist fela í sér endurbætur á hvers kyns vinnuferlum, s.s. starfsemi sem þekkt er fyrir, nýja starfsemi, framleiðslu á nýrri vöru eða þjónustu, eða nýjan markað.

Umgjörð nýsköpunar hefur mikil áhrif á þróun hennar og mikilvægt er að hafa góða þekkingu á þessari umgjörð. Kortlagning á ferli nýsköpunar er mikilvægur liður í eflingu hennar og í að hlúa að þeim vaxtarbroddum sem fram koma.

Innan atvinnulífsins verður að vera vilji til nýsköpunar og stjórnendur verða að meta það peninganna virði að leggja fjármagn og dýrmætun tíma í nýsköpun. Þess vegna er mikilvægt að vita hvaða hindranir stjórnendur í íslensku atvinnulífi telja helstar í veginum fyrir öflugra nýsköpunarstarfi.

Hefðbundin skipting atvinnugreina í landinu endurspeglar ekki þá þróun sem íslenskt atvinnulíf hefur farið í gegnum á síðustu árum og ekki er fyrirséð að minni breytingar verði á næstu árum.

Þessi skipting gengur í gegnum fagstofnanir og stjórnýsly og má einnig sjá þessa skiptingu í samtökum atvinnulífsins sjálfs.

Úttektin var þannig unnin að sérstakur starfsmaður, Þorvaldur Finnbjörnsson, rekstrarhagfræðingur, tók að sér að tala við á fjórða tug einstaklinga í atvinnulífinu, félagasamtökum og stofnunum á vegum hins opinbera sem styðja við bakið á nýsköpun til þess að fá viðhorf þeirra til málsins. Ekki var gerð tilraun til þess að mæla einstök atriði á tölfræðilega mælikvarða heldur var frekar lagt upp úr því að meta huglæga þætti.

Niðurstöðurnar endurspeglar því ákveðna sýn sem er ríkjandi gagnvart nýsköpun í atvinnulífinu og síðan er reynt að meta hvað best er að gera til þess að stjórnendur fyrirtækja skynji umhverfi sitt og aðstæður til nýsköpunar hagstæðari.

Að sjálfsgöðu eru vilji og geta innan atvinnulífsins ekki síður mikilvæg vegna nýsköpunar en hið ytra umhverfi. Verkefnið beindist þó ekki að neinu marki að hinum stjórnunarlega þætti nýsköpunar enda var ekki til þess stofnað.

2. ÝMSAR SPURNINGAR VEGNA NÝSKÖPUNARSTARFS

Helstu spurningarnar sem viðmælendur voru spurðir um hugsanlegar hindranir fyrir nýsköpun voru eftirfarandi:

- Hver eru áhrif skatta á nýsköpun í fyrirtækjum?
- Hafa skattaúvilnanir vegna nýsköpunar einhverja þýðingu?
- Hafa takmarkanir á erlendum fjárfestingum á Íslandi áhrif á nýsköpun?
- Hefur kostnaður vegna einkaleyfa þýðingu fyrir nýsköpun?
- Hver eru áhrif eftirlitsiðnaðarins fyrir nýsköpun?
- Er stuðningur hins opinbera við nýsköpun nægur?
- Hvernig vinna stuðningsstofnanir að nýsköpun?
- Eru viðhorf og þjónusta opinberra aðila hindrun gegn nýsköpun?
- Er hægt að gera frumkvöðlum betur kleift að prófa hugmyndir sínar?
- Hvernig stendur fjármagnsmarkaðurinn gagnvart nýsköpun?
- Hefur hlutabréfamarkaður þýðingu fyrir nýsköpun?
- Hvernig stendur menntakerfið gagnvart nýsköpun?
- Er íslensk fyrirtækjamenning hvetjandi fyrir nýsköpun?
- Á nýsköpun upp á pallborðið hjá Íslendingum almennt?

Þessi atriði gefa góða heildarmynd af því umhverfi sem stjórnendur fyrirtækja og forsvarsmenn þeirra aðila sem eiga að vera atvinnulífinu til stuðnings telja sig vera að starfa í og hvar helst er þörf á breytingum að mati þeirra.

3. HELSTU HINDRANIR

3.1. Almenn atriði

Margir hafa hingað til talið íslenska menningu frekar neikvæða gagnvart nýsköpun í atvinnulífi, en jafnframt er sú skoðun sett fram að þetta hafi breyst mikið hin síðustu ár. Menningin virkar á fyrirtækin bæði utanfrá og innanfrá, en eftir því sem samkeppni hefur almennt aukist í hagkerfinu og frjálsræði orðið meira hefur frumkvæði orðið þýðingarmeira. Þetta má m.a. sjá í stofnun fjölda hátæknifyrirtækja á síðari árum. Þróunin er því tvímælalaust hvetjandi fyrir nýsköpun þótt enn sé of mikið ríkjandi af þeim forsjáranda sem setti mark sitt á hugsunarhátt Íslendinga hér fyrir á árum. Fyrirtækjamenningin lýsir sér m.a. í skorti á langtímahugsun og áætlanagerð í íslenskum fyrirtækjum, og agi í stjórnun er enn almennt of lítil, þó að vissulega hafi þetta verið að breytast

hratt til batnaðar á undanförunum árum. Þessu tengist ákveðin hræðsla og jafnvel andúð á langskólagengnum einstaklingum sem vilja hasla sér völl innan fyrirtækja.

Ennþá er kvartað undan almennu viðhorfi stjórnvalda til atvinnulífsins og þá sérstaklega til nýsköpunar sem lýsir sér í tregðu til þess að vinna með fyrirtækjum og breyta vinnuferlum innan opinbera kerfisins þegar slíkt gæti orðið öllum til framdráttar. Ennfremur er kvartað undan því að atvinnugreinar séu dregnar í dilka þannig að ekki sé litið sömu augum á það sem verið er að gera í atvinnulífinu eftir því hvaða atvinnugrein á í hlut.

Umfjöllun um atvinnulíf og viðskipti í fjölmiðlum er misjöfn að gæðum allt frá því að byggjast á vanþekkingu og fordómum til vandaðra úttekta á einstökum málum. Óvönduð umfjöllun fjölmiðla dregur úr kröfum til atvinnulífsins og þeirra sem stunda nýsköpun meðan vönduð en jafnframt hvetjandi umfjöllun getur haft mikla þýðingu fyrir árangur.

Takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi eru taldar hafa í för með sér hömlur fyrir nýsköpun í landinu. Þessar hindranir varða áhugaverðar greinar svo sem sjávarútveg og orkumál. Almennt er talið að hömlur á fjárfestingum erlendra aðila í einni grein takmarki áhuga þeirra á fjárfestingum í öðrum greinum. Fjárfestingar erlendra aðila hafa jafnan í för með sér að auk flæðis fjár til landsins kemur þekking og aðgangur að mörkuðum.

3.2. Menntamál

Helsta umkvörtunarefnið vegna íslenska menntakerfisins er að það skili frá sér einstaklingum sem almennt fælist að taka áhættu. Fólk sem skuldar háar upphæðir í námslán og á þar að auki eftir að koma undir sig fótunum fjárhagslega sækist eftir ákveðnu öryggi. Námslánakerfið kallar enn á aðra fjármögnun námsins með vinnu með námi, viðbótarlánum eða styrkjum. Á mótí kemur að námslánakerfið hefur gefið mörgum kost á að fara utan til náms, sem hefur ómetanlega þýðingu fyrir nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Að öðru leyti er nefnt að gæði menntakerfisins séu ekki nógu mikil. Áhersla sé ekki nægileg á námsgreinar sem tengjast atvinnulífinu, þótt þróunin hafi vissulega verið mjög í rétta átt. Að margra mati skortir ögun í íslenska menntakerfið þannig að þeir sem útskrifast læri sjálfsaga, öguð vinnubrögð og kunni almennt betur að vinna.

Forsvarsmenn fyrirtækja hafa áhyggjur af skorti á þekkingu á einstökum sviðum í landinu og telja að þessi skortur fari vaxandi. Það er hlutverk menntakerfisins að sjá til þess að nægt framboð sé af þeirri tegund menntunar sem eftirspurn er eftir.

Þáttur menntastofnana í nýsköpunarmálum er almennt talinn mikilvægur. Yfirgripsmikil þekking er fyrir hendi í menntastofnunum og aðgangur fyrirtækja að þeirri þekkingu er mikilvægur. Lítið "spin-off" er talið vera frá íslenskum menntastofnunum ef borið er saman við erlendar. Töluverður hluti tekna erlendra háskóla kemur frá samstarfi þeirra við fyrirtæki, t.d. í formi "royalty" tekna.

3.3. Stuðningsstofnanir

Flestir telja að einhver starfsemi stuðningsstofnana eigi rétt á sér. Helst er kvartað undan því að aðstoð slíkra stofnana sé oft á forsendum hins opinbera og þeirra sem eru að vinna við að veita hana. Ennfremur er sett spurning við þær aðferðir sem notaðar eru til að velja verkefni til stuðnings.

Ekki hefur verið unnið nægilega markvist að því að mæla árangur þess stuðnings sem veittur er, né að fylgja eftir þeim verkefnum og áætlunum sem ýtt er úr vör. Mælingar á árangri virka á fyrirtækin sem hvatning til að ljúka þeim verkefnum sem, stuðningur hefur fengist við auk þess sem samanburður verður mögulegur við sambærilegan stuðning í öðrum löndum.

Nægilega heildstæða nýsköpunarstefnu skortir hjá hinu opinbera. Ýmsir telja slíka stefnu nauðsynlega til þess að betri árangur náist. Kallað er eftir slíkri stefnu án forsjarhyggju því að nýsköpun þarf að koma frá fyrirtækjunum en ekki frá opinberum stofnunum.

Þeir aðilar sem vinna að stuðningi við nýsköpun eru hver um sig að fást við málefni nýsköpunar á eigin forsendum. Þetta eru óskipuleg vinnubrögð og kalla á tvíverknað.

Mikilvægt er að hvetja rannsóknastofnanir atvinnuveganna til virkara samstarfs við fyrirtækin í landinu með nýsköpun að markmiði. Stofnanirnar eru vel í stakk búnar fyrir slíkt samstarf, sem í sjálfu sér er mikilvægt til að auka nýsköpun. Almenn er viðurkennt að fyrirtæki sem ein og sér standa að nýsköpunarverkefnum eiga erfiðara uppdráttar en þau sem eiga aðild að netsamstarfi eða eru virk innan fyrirtækjaklasa (clusters). Þá er samstarf um nýsköpun við erlenda aðila mikilvægt enda stækkar til muna sá þekkingargrunnur sem nauðsynlegur er við nýsköpun.

3.4. Fjármagnsmarkaður

Margir telja fjármagnsmarkaðinn standa nýsköpun fyrir þrífum. Hugmyndir og frumkvöðlastarf sé lítils metið af fjárfestum og að áhættufjármagn sé verulega takmarkað. Of mikil áhersla sé á fjárfestingar í skráðum félögum.

Talið er að það valdi erfiðleikum hversu fjármagnsmarkaðurinn er lítill og tiltölulega vanþróaður. Þetta leiði til þess að mörg verkefni ná ekki þeim framgangi sem þau myndu gera ef verið væri að vinna þau erlendis.

Vandamál nýsköpunar er að miklu leyti hve seint fjármögnun kemur að verkefni. Áhugi fjárfesta vaknar fyrst þegar verkefnin fara að nálgast markaðinn. Á þeim tíma er vísast að mörg nýsköpunarverkefni hafi dagað uppi vegna skorts á utanaðkomandi fjármögnun.

Þá er bent á að ekki sé til staðar næg þekking innan bankakerfisins til þess að lána út á rekstur eða hugmyndir, sem eru einmitt helsta eign margra nýsköpunar-fyrirtækja. Skortur á þekkingu af þessum toga er ekki síst bagalegur þar sem mikilvægi mannauðsins í starfsemi fyrirtækja er sífellt að aukast, en áþreifanlegir fjármunir skipta minna máli en áður.

3.5. Fagmennska í rekstri

Þær skoðanir eru settar fram að fagmennsku skorti í rekstri margra frumkvöðla-fyrirtækja. Þekkingu skortir á áætlanagerð, skipulagningu, stjórnun og eftirliti með rekstrinum. Hinn dæmigerði frumkvöðull hefur fagþekkingu eða sérþekkingu á einhverju ákveðnu tæknilegu eða faglegu sviði sem fer ekki nægilega oft saman við hæfileika í stjórnun og rekstri fyrirtækja. Fagleg aðstoð við rekstrarþátt nýsköpunar er vanrækt, sem hangir saman við að á fjármagnsmarkaðnum er ekki algengt að lána út á rekstur og áætlanagerð í minni fyrirtækjum.

3.6. Þjónusta opinberra stofnana

Kvartað er undan vinnubrögðum skattyfirvalda. Þau vinni ekki með fyrirtækjum í því skyni að koma málum til betri vegar heldur séu fyrst og fremst að leita að misfellum og refsa fyrir þær.

Almenn vandamál virðast vera í samskiptum við tollyfirvöld og kerfið stíft og ósveigjanlegt.

3.7. Eftirlitsiðnaður

Almennt er ekki talið að eftirlitsaðurinn verki sem sérstök hindrun fyrir nýsköpun. Þó er kvartað undan því að mismunandi eftirlitsaðilar séu að koma inn í fyrirtæki til að gera svipaða hluti og krefjast greiðslu fyrir.

Helsta umkvörtunarefnið snýr að einstökum stofnunum sem ýmsir telja “ofvirkar” og eru Vinnueftirlitið og yfirvöld brunamála oftast nefndar í því sambandi.

3.8. Einkaleyfi

Mikið er kvartað undan því að kostnaður við öflun einkaleyfa sé hár. Innlendi markaðurinn er svo lítill að í mörgum tilvikum borgar sig ekki að sækja um einkaleyfi fyrir hann.

Bent er á að ráðgjöf varðandi einkaleyfi sé ábótavant og að ekki sé næg þekking innan fyrirtækjanna á því hvað einkaleyfi hafa í för með sér. Oft er hagstæðara að skrá vörumerki í stað þess að leggja í mikinn kostnað vegna einkaleyfa.

3.9. Skattamál

Lang viðamesta umkvörtunarefnið vegna skattalegra hindrana við nýsköpun snýr að verðmætamati og skattlagningu á hugmyndum eða vinnu frumkvöðla. Leggi einstaklingur hugmynd eða eigin þróunarvinnu inn sem verðmæti í hlutafélag á móti hlutafé frá öðrum myndast þar með tekjuskattsstofn sem síðan verður hugsanlega ekkert úr. Þar að auki er ólíklegt að einstaklingurinn hafi tök á að greiða tekjuskattinn þegar hann fellur til. Hluti af þessu sama máli snýr að skattlagningu kaupréttar á hlutabréfum þar sem starfsmenn eiga rétt á að kaupa hlutabréf. Í Bandaríkjunum og Evrópu er sú reynsla af kaupréttarsamningum að hæft fólk fæst frekar til starfa í nýsköpunarfyrirtækjum og þetta fólk hefur meiri þolinmæði til að fylgja fyrirtækinu í von um fjárhagslegan ábata af starfi þess. Fari frumkvöðull af stað með einkafyrirtæki er það mikill ókostur að við formbreytingu yfir í hlutafélag þarf að reikna söluhagnað af eignum og greiða tekjuskatt. Í slíkum tilvikum er ekki unnt að fresta greiðslu tekjuskattsins þangað til hlutabréfin eru seld.

Ennfremur er kvartað undan eignarsköttum ekki síst þegar óáþreifanlegir fjármunir eru metnir í eignahlið efnahagsreikningsins. Þessir sömu fjármunir nýtast sjaldnast við fjármögnun viðkomandi starfsemi. Eignarskatturinn er einn þeirra þátta sem horft er til þegar metið er hvort skrá eigi fyrirtæki formlega hér á landi eða erlendis. Með aukinni alþjóðavæðingu verður sífellt auðveldara að skrá eignir hvar sem er.

Þá er kvartað undan ýmsum gjöldum, s.s. við stofnun og skráningu félaga, við þinglýsingar o.þ.h. Þessi gjöld eru sérstaklega íþyngjandi fyrir allra minnstu fyrirtækin.

Nokkuð var minnst á möguleika á auknum frádrætti, annars vegar vegna útgjalda til rannsókna og þróunar og hins vegar vegna fjárfestinga í nýsköpun, en flestum þykir erfitt að festa hendur á því hvernig koma eigi slíku fyrir. Sérstækar aðgerðir í skattamálum geta alltaf valdið mismunun og þarf því að undirbúa slík mál af kostgæfni.

4. ÁLYKTANIR UM VIÐBRÖGÐ

Þau viðhorf sem komu fram hjá viðmælendum gefa tilefni og ábendingar um ýmis konar aðgerðir. Sumt er á valdi stórnvalda en annað ekki. Hér verður fjallað um helstu þættina sem gætu haft áhrif til meiri nýsköpunar í atvinnulífinu.

4.1. Almenn atriði

Mikilvægt er að almenn viðhorf stjórnvalda til atvinnulífsins og nýsköpunar séu jákvæð og hvetjandi. Festa og stöðugleiki í almennu efnahagslegu umhverfi skipta þar mestu máli en einnig þjónusta og þjónustulípurð við fyrirtækin.

Skattar þurfa almennt að vera lágir og aðrar kröfur til fyrirtækjanna eiga ekki að fela í sér óþarfa vinnu frá þeim. Mikilvægt er að opinberir aðilar sem setja lög og reglur, eða ákvarða um starfshætti sína, taki jafnan tillit til þeirra sem þurfa að nota þjónustuna eða fara eftir reglunum.

Varast ber að draga nýsköpunarstarfsemi í dilka eftir því í hvaða atvinnugrein starfsemin er.

Leggja þarf kapp á að auka samkeppni í atvinnulífinu um leið og hið opinbera dregur sig út úr rekstri fyrirtækja. Leidd hafa verið rök að því að hið opinbera hamlar enn samkeppni með þátttöku í rekstri fyrirtækja t.d. í orkugeiranum.

Við útboð og kaup opinberra aðila á vörum og þjónustu er æskilegt að haga málum þannig að aðgangur nýrra aðila sé sem greiðastur. Opinberir aðilar geta með útboðsstefnu sinni aukið möguleika fyrirtækja á nýsköpun.

Það ætti að auka möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum með því að ryðja úr vegi takmörkunum á því sviði. Með þessu er hægt að fá inn aukið fjármagn, þekkingu og markaðsaðgengi íslenskra fyrirtækja og bæta samkeppnisstöðu þeirra á erlendum mörkuðum.

4.2. Menntamál

Menntakerfið þarf að þróast þannig að það nýtist betur atvinnulífinu og nýsköpunarstarfi þess. Á undanförunum árum má benda á mörg dæmi um nýja námsmöguleika sem hafa gert mikið gagn. Þróunin hefur verið í rétta átt og halda þarf áfram á þessari braut.

Háskóli Íslands hefur verið að gera góða hluti í endurmenntun. Viðskiptaháskólinn í Reykjavík er ný og öflug viðbót á þessu sviði og ýmis konar námskeiðastarfsemi þrífst vel. Meðal þess sem þarf að bæta er fagmenntun margs konar.

Þá er æskilegt að veita sem flestum möguleika á að taka undirstöðuatriði varðandi fyrirtækjarekstur sem hluta af náminu. Nýsköpun í atvinnulífinu kemur ekki eingöngu frá þeim sem hafa sérhæft sig í rekstartengdu námi, heldur ekki síður frá þeim sem hafa þekkingu á öðrum sviðum og sjá möguleika sem tengjast sínu fagi.

4.3. Stuðningsstofnanir

Æskilegt er að til sé í handhægu formi sérstakt yfirlit yfir allar stuðningsstofnanir atvinnulífsins og hlutverk þeirra. Fyrir þá sem ekki eru vanir samskiptum við þessa aðila virkar þetta kerfi stuðningsstofnana oft á tíðum ruglingslegt og fráhrindandi. Nöfn stofnana, s.s. Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, vísa til tiltekinna atvinnugreina, en eitt helsta markmiðið í starfi þessara aðila þarf að vera að starfsemin sé opin fyrir allar greinar atvinnulífsins.

Stofnanirnar þurfa að gera átak til þess að vinna betur saman og mynda jákvætt heildstætt viðmót gagnvart þeim sem leitar til þeirra. Þá þarf að skipuleggja stuðningsumhverfið betur með tilliti til verkaskiptingar. Það er til lítilla bóta að fjöldi aðila skuli vinna sömu störfun án sameiginlegrar stefnumótunar. Þetta leiðir til samkeppni sem á ekki endilega við rök að styðjast.

Rannsóknastofnanir atvinnulífsins hafa á að skipa einstaklingum með mikla þekkingu sem þarf að nýta sem best með hagsmuni atvinnulífsins í huga. Þessar stofnanir þurfa að endurspeglar atvinnulífið og taka mið af þróun þess. Við endurskoðun á starfsemi þessara stofnana þarf að taka mið af þörfum fyrirtækja.

Stuðningur má ekki einskorðast við ákveðna tegund fyrirtækja heldur eiga öll fyrirtæki að hafa sama aðgang að stuðningi. Þá þarf að skoða vel hvaða árangurs sé að vænta af stuðningnum og fylgja eftir því sem út úr opinberum stuðningsverkefnum kemur.

4.4. Fjármagnsmarkaður

Aðgangur að hlutafé til nýsköpunarfyrirtækja hefur batnað verulega frá því sem áður var. Lífeyrissjóðir þyrftu þó að hafa rýmri möguleika til þess að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.

Það sem helst þarf að gerast er að auka skilning innan bankakerfisins á því að lána litlum og meðalstórum nýsköpunarfyrirtækjum. Þessi fyrirtæki byggja fyrst og fremst á mannauði og hafa ekki teljandi veð í fasteignum eða persónulegar ábyrgðir fram að bjóða. Þess vegna þarf að byggja upp betri þekkingu innan bankakerfisins á því hvernig á að lána á grundvelli rekstraráætlana og stjórnunar í fyrirtækjunum.

Þessi þekking hefur verið að aukast í íslenska bankakerfinu, en með átaki á þessu sviði væri unnt að stórbæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Það þarf að tryggja áhugaverðum nýsköpunarhugmyndum vettvang fyrir utanaðkomandi fjármögnun á fyrri stigum. Til þess þarf að vera til kerfi sem metið getur verkefni og einnig aðilar sem hafa möguleika á að taka þátt í fjármögnun þeirra fyrr en nú er gert. Til þess að svo megi verða má skoða möguleikann á sérstökum hlutabréfamarkaði fyrir nýsköpunarfyrirtæki annað hvort í tengslum við Verðbréfafing Íslands, eða utan þess.

Hömlur eru á möguleikum lífeyrissjóða til að fjárfesta í nýjum fyrirtækjum. Kanna þarf hvort ekki sér rétt rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga í nýjum fyrirtækjum eða heimila þeim að fjárfesta í gegnum sérstök óskráð eignarhaldsfélög

Þá er æskilegt að halda sérstakt nýsköpunarþing með hæfilegu millibili þar sem rætt er um nýsköpun og fjármagnsmarkaðinn og einstök verkefni kynnt.

4.5. Fagmennska í rekstri

Meiru mætti áorka í nýsköpun í atvinnulífinu með aukinni fagmennsku í rekstri íslenskra fyrirtækja. Fagmennska er fyrst og fremst einkennandi fyrir rekstur stærri fyrirtækja en mikið skortir á hjá minni fyrirtækjum. Æskilegt er að gera átak til þess að bæta úr þessu ástandi, sérstaklega hjá minni nýsköpunarfyrirtækjum þar sem rekstrarleg þekking og agi eru af of skornum skammti.

Fyrst og fremst þarf að bæta úr grundvallaratriðum eins og áætlanagerð og notkun bókhalds sem stjórnækis við rekstur. Þetta skiptir ekki síst máli þar sem þessir þættir þurfa að vera í lagi til þess að fá utanaðkomandi fjármagn inn í reksturinn.

Það þarf að hvetja atvinnulífið til virkrar samvinnu við stuðningsaðila og auka áhrif fyrirtækjanna á skipulag stuðningsaðgerða. Fyrirtækin verða að taka virkan þátt í mótun opinbers stuðnings.

4.6. Þjónusta opinberra aðila

Æskilegt er að opinberar stofnanir móti sérstaka þjónustustefnu þar sem stefna þeirra gagnvart viðskiptavinunum er kynnt. Þar þarf að koma fram hvaða þjónustu viðskiptavinurinn á vól eða rétt á, hvernig starfsfólk á að koma fram við viðskiptavinina og kvörtunarleiðir.

4.7. Eftirlitsiðnaður

Fylgja verður eftir nýsettri löggjöf um eftirlitsreglur á vegum hins opinbera og nota hana sem tæki til þess að gera eftirlitsstarfsemina eins skynsamlega og kostur er.

Eftirlit á vafalaust rétt á sér, sérstaklega þegar um öryggi þegnanna er að ræða, en ekki til þess eins að viðhalda sjálfu sér. Einkareknar skoðunarstöðvar, samkeppni og vottun fyrirtækja eru leiðir sem betur mætti nýta í þessu sambandi.

4.8. Einkaleyfi

Æskilegt er að finna leiðir til þess að gera kostnað vegna einkaleyfa léttbærari. Fyrst þarf að bæta þekkingu í nýsköpunarfyrirtækjum á einkaleyfaverndinni þannig að mat á því hvort einkaleyfaverndar sé þörf sé byggt á traustum grunni. Síðan er spurning hvort hægt sé að finna eitthvert form á aðstoð til þess að lækka kostnað við öflun sjálfra einkaleyfanna og að dreifa þeirri áhættu sem er þeim samfara.

4.9. Skattamál

Helstu atriðin í skattamálum sem skipta nýsköpun sérstaklega máli snúa að gjalddöku vegna stofnunar fyrirtækja og tilteknum þáttum í tekjuskattskerfinu.

Kostnaður við stofnun hlutafélaga og einkahlutafélga er óþarflega hár hér á landi og æskilegt er að lækka þennan kostnað. Lækkun stimpilgjalda og þinglýsingar-kostnaðar er líka stórmál sem hefði jákvæð áhrif.

Skoða þarf vandlega hvernig hentugast er að byggja hvata til fjárfestinga í nýsköpun inn í skattakerfið. Góð viðbrögð hafa verið við heimild til skattaafsláttar vegna fjárfestinga í atvinnulífinu og þarf að útfæra þessa heimild þannig að hún nýtist til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum.

Í tekjuskattskerfinu þarf að breyta nokkrum atriðum. Þegar frumkvöðull fær hugmyndir metnar sem hlutafé þarf að vera hægt að fresta skattlagningu á þeim tekjuskatti hans sem til fellur þangað til sala á hlutafénu á sér stað. Sama á við þegar frumkvöðull leggur fram vinnu við fyrirtækið sem greiðslu fyrir hlutafé. Við sölu hlutabréfanna verður síðan að taka tillit til sölutaps ef þau seljast undir nafnverði, og ef fyrirtækið verður gjaldþrota verður tekjuskattsskuldbinding að falla niður.

Æsklilegt er að setja inn skattfrestunarákvæði þannig að þegar fyrirtæki er breytt í hlutafélag hafi slík formbreyting ein og sér ekki í för með sér sérstakar greiðslur á tekjuskatti.

Almennt þurfa einstaklingar að geta dregið tap af sölu hlutabréfa frá söluhagnaði. Ennfremur er nauðsynlegt að leyfilegur frádráttur frá tekjum vegna hlutabréfakaupa sé ekki bundinn við lágmarksupphæð hlutafjár í fyrirtækinu, heldur sé aðeins skilyrði fyrir frádrætti að ekki séu hömlur á meðferð hlutabréfanna.

Eignarskatt þarf að fella niður eða lækka verulega, enda tekur hann toll af eignum nýsköpunarfyrirtækja þar sem þróunarkostnaður af óvissu verðgildi er oft mjög fyrirferðarmikill á eignahlið efnahagsreikningsins.